

# Skólaráðsfundur 27. mars 2017

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri, Jóhanna L. Hjörleifsdóttir, Þorbjörg Jónsdóttir, Ólöf K. Sívertsen, Embla Líf Hallsdóttir, Daníela Grétarsdóttir, Sigrún Hafsteinsdóttir, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir og Freyja Ólafsdóttir.

1. Höfðaberg – Þórunn deildarstjóri sýndi fundarmönnum húsnæðið. Fundarmenn sammála um að bæta þyrfti vinnuáðstöðu kennara þar sem þeir missa aðgengi að stofum sínum og þar með tölvunum þar þegar frístund hefst. Einnig væri gott að fá meira ögrandi viðfangsefni á lóð skólans, sérstaklega fyrir elstu börnin.

2. Lesfimiárangur nemenda í Lágafellsskóla – verið að skoða hvernig nemendur ná því markmiði Hvítbókar að 90% 10. bekkinga geti lesið sér til gagns. Skoðuðum niðurstöður prófa í sept. 2016 og svo í jan. og mars 2017.

Ýmis umræða um hvað er verið að gera í skólanum til að auka bæði lestrarhraða og lesskilning. Þarf að skoða unglingadeild sérstaklega, spurning um að bjóða upp á hraðlestrarnámskeið í vali. Skv. Menntamálastofnun er fylgni á milli lesfimi (lestrarhraða) og lesskilnings, eftir því sem fimin/hraðinn er meiri þeim mun betri er lesskilningurinn.

Rýnihópar innan skólans hafa unnið að umbótaáætlun til að bæta enn frekar árangur í lestri. Þá efndi stýrihópur innan bæjarins til fundar þar sem rýnt var í hvaða úrræði gætu aukið árangur barna í Mosfellsbæ.

Rýnihópur bæjarins sem stóð að gerð lestrarstefnu bæjarins hefur verið að vinna með þessum niðurstöðum auk læsishópa í hverjum skóla. Rætt um að gott væri að fá lestartíma inn á töflu í öllum skólanum, byrja hvern dag á slíkum tíma.

Rætt um mikilvægi þess um að koma þessum upplýsingum til foreldra, spurning um bestu leiðina. Mögulega hægt að boða til fundar en þyrfti alltaf að senda líka hnitmiðaða útgáfu í tölvupósti.

3. Yfirferð yfir niðurstöður eineltiskönnunar frestað til 15. maí sem yrði þá lengri fundur. Stefnt að því að byrja þann fund kl. 15:30.

Fundarritari: Ólöf K. Sívertsen.